



Reglur um úthlutun styrkja úr Menningarsjóði Rangárþings eystra

1. Markmið Menningarsjóðs Rangárþings eystra er að efla og styrkja menningarstarf í sveitarfélaginu.
2. Umsækjendur geta verið lögráða einstaklingar, félagasamtök, stofnanir eða fyrirtæki sem koma að menningarviðburðum í Rangárþingi eystra. Umsækjendur með lögheimili í Rangárþingi eystra geta einnig sótt um styrk þó verkefnið fari fram utan sveitarfélagsins. Menningarnefnd metur hvaða verkefni eru styrkhæf.
3. Auglýsa skal eftir styrkumsóknum í febrúar og ágúst ár hvert. Auglýsa skal í þeim auglýsingamiðlum sem gefnir eru út í Rangárþingi eystra hverju sinni sem og á samfélagsmiðlum sveitarfélagsins.
4. Með umsókninni verður að fylgja lýsing á verkefninu með verkáætlun og tímasetningum, fjárhagsáætlun og upplýsingum um viðkomandi umsóknaraðila. Sækja skal um á sérstökum eyðublaðum sem nálgast má á heimasíðu Rangárþings eystra.
5. Menningarsjóður Rangárþings eystra veitir ekki rekstrar-, stofnkostnaðar- eða endurbótastyrki heldur eru framlög sveitarfélagsins ætluð til einstakra verkefna. Að jafnaði eru ekki veittir ferðastyrkir sérstaklega.
6. Gerður skal samningur milli styrkþega og Rangárþings eystra um sérhverja styrkveitingu til menningarstarfs. Styrkþegi skal skila upplýsingum um framkvæmd verkefnisins, á þar til gert eyðublað, í síðasta lagi þremur mánuðum eftir að styrkt verkefni hefur verið klárað, eigi síðar en ári eftir að samningur um verkefnið var undirritaður. 2/3 hluti styrkuppþæðarinnar er greiddur út þegar skrifað hefur verið undir samning og 1/3 hluti er greiddur út við skil á lokaskýrslu. Hafi umsækjandi áður hlotið styrk verður ný umsókn ekki tekin til greina nema viðkomandi hafi skilað inn eyðublaði um framkvæmd.
7. Sveitarstjórn Rangárþings eystra ákveður upphæð úthlutunar hvert sinn samkvæmt fjárhagsáætlun hvers árs.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Rangárþings eystra 24.11.2022